

Nd.

259. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins og innheimtu ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.